

pá mætti ég eins vel, í hverju tilfallinu sem er, auðgast á tilboði yðar“.

„Hvað meinið þér með orðunum ‘í hverju tilfallinu’ sem er?“, spurði hinn.

„Ég meina auðvitað, að ef þér drygið ekki glæpinn, þá verðið þér að borga mér veðmálið; og að ef þér drygið glæpinn, þá er ég viss um að hann verður sannaður á yður. Ef svo færi, þá geri ég yður nú aðvart um það, að hversu mikið sem mér þætti fyrir að þér kæmust í skömm, þá hefði ég ekkert saman við yður að selda eftir það, en tæki samt veðféð“.

„Dér samþykkið þá veðmálið?“ sagði hinn.

„Já, ég geri það“, sagði sá er byrjað hafði talið.

„Þá er það orðinn samningur“, sagði hinn. „Nú er einungis eftir að ákveða skilmálana. Ég skal hafa einn mánuð til að gera að mín og drygja glæpinn, og eitt ár til þess að komast undan leynilögreglumönnum. Það er að segja, ef ég er frjáls maður þegar eitt ár er liðið og get sannað yður að ég drygði glæp innan þess tíma, eins mánaðar frá miðnætti nú, eins og samið er um, þá hef ég unnið veðmálið. Ef ég er í fangelsi þegar árið er liðið og bíð eftir að mál mitt verði rannsakað, þá skal ekki gert út um hvor unnið hefur fyr en málið er útklað og ég annaðhvort fundinn sýkn eða sekur. Eruð þér ánægður með þetta?“

„Já, hæstánægður“, sagði sá er byrjað hafði talið. „En hvaða tegund af glæp ætlið þér að drygja?“